

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting Dalabyggð, stækkun frístundasvæðis.

Breyting á deiliskipulagi Dalabyggðar í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan svæðisins og breyting á stærð lóðar Dalabyggðar 26. Auk þess eru göngustígar færðir til á uppdrætti í takt við fjölgun lóða og skilgreindir eru nánari skilmálar er varðar brunavarnir og veitur.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2022.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. júlí 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vígfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júlí 2022